

Ferðatrygging

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



Skilmáli F-1

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskipta-
vini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Minum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

Hvernig trygging er Ferðatrygging?

Ferðatrygging veitir viðtæka vernd á ferðalögum erlendis og tekur á öllum helstu bótabáttum sem þörf er á. Tryggingin greiðir t.d. kostnað vegna slysa, veikinda eða andláts erlendis og felur einnig í sér ferðarofs- og farangurstryggingu. Vakin er athygli á því að ferðatrygging getur verið innifalin í Heimilisvernd Varðar. Ferðatryggingar geta einnig verið innifaldar í flestum greiðslukortum en sú vernd er mismunandi viðtæk og getur verið háð skilyrðum. Ferðatryggingar sem eru hluti af greiðslukorta- eða heimilistryggingum gilda í flestum tilvikum einungis í 60-90 daga.



Tryggingin bætir

Ferðaslysstrygging

- ✓ Tímabundinn missis starfsorku vegna slysa sem verða á ferðalagi.
- ✓ Varanlega læknisfræðilega örorku vegna slysa sem verða á ferðalagi.
- ✓ Dánarbætur vegna slysa sem verða á ferðalagi.
- ✓ Bætur vegna tannbrots sem rekja má til slyss á ferðalagi.

Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging

- ✓ Sjúkrakostnað, t.d. kostnað vegna sjúkrahúsvistar og lyfja-kostnað.
- ✓ Aukinn kostnað, t.d. aukakostnað náins ættingja ef váttryggður slasast, veikist alvarlega eða deyr á ferðalagi.
- ✓ Sjúkraflutning, t.d. aukasæti sem váttryggður þarf að kaupa á heimferð ef hann hefur slasast eða veikist erlendis.
- ✓ Nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands ef váttryggður neyðist til að rjúfa utanlandsdvöl vegna andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra og alvarlegra veikinda tiltekinna náinna ættingja.
- ✓ Endurgreiðslu orlofsferðar ef váttryggður neyðist til að rjúfa ferð áður en hún er hálfnuð eða hann hafi dvalið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann.

Farangurstrygging

- ✓ Tjón á farangri af völdum bruna, ráns, flutningaslyss svo og ef farangur týnist í flutningi.



Tryggingin bætir ekki

Ferðaslysstrygging

- ✗ Slyss sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Undanþága þessi á þó ekki við börn yngri en 16 ára.
- ✗ Slyss sem verða í hnefaleikum, hvers konar glímu- og bardagaíþróttum, akstursíþróttum, bjargsígi, fjallaklifri, froskköfun, fallhlífarstökki, teygjustökki, drekaflugi og svifflugi.
- ✗ Slyss sem verða í landkönnunarferðum, við dýraveiðar sem fela í sér sérstaka áhættu sem er meira en almennt getur talist eða í ferðum sem geta talist rannsóknaleiðangrar eða annað því tengt nema það sé sérstaklega tryggt og tilgreint á skírteini.
- ✗ Slyss af völdum skráningarskylds vélknúns ökutækis
- ✗ Slyss sem váttryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
- ✗ Slyss sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfð, lömun, bæklun, flogaveiki, krampa, slag, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum og/eða sjúkdómseinkennum.
- ✗ Brjós-klos, þursabít, liðagigt, slitgigt eða aðra gigtarsjúkdóma.
- ✗ Dánarbætur ef sjúkdómar, veiklun eða sjúklegt ástand váttryggðs eru meðorsakir dauða hans.

Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging

- ✗ Slyss sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.
- ✗ Slyss sem verða við að klífa fjall, í bjargsígi, hnefaleikum, hvers konar glímu, bifreiða- og vélhjólaiþróttum, drekaflugi, fallhlífarstökki, froskköfun og öðru sambærilegu.
- ✗ Slyss sem verða í svifflugi, listflugi, við þátttöku í landkönnunar-ferðum, villidýraveiðum eða í ferðum, sem talist geta rannsóknar-leiðangrar.
- ✗ Slyss sem váttryggður verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfí- og eiturlyfja eða í öl-æði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- ✗ Slyss vegna ljósabaða, læknismeðferðar, skurðaðgerðar eða lyfja-notkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss.

- ✗ Slys sem orsakast af nautnalyfjum eða af notkun læknislyfja, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss. Slys vegna kvalastillandi lyfja eða svefnlyfja eru alltaf undanskilin bótaábyrgð félagsins.
- ✗ Sjúkdóma vegna fæðinga eða fóstureyðinga eða sem verða á 9. mánuði meðgöngutíma.
- ✗ Sjúkdóma eða slys sem eiga rót sína að rekja til neyslu áfengis, ávana- eða fíknilyfja.
- ✗ Langvinna sjúkdóma vegna slyss, sem váttryggður hefur notið læknishjálpar við á síðustu 12 mánuðum fyrir upphaf ferðar.
- ✗ Áframhaldandi meðferð, ef váttryggður neitar að láta flytja sig heim, þrátt fyrir ráð læknis.
- ✗ Læknismeðferð erlendis lengur en í þrjá mánuði.
- ✗ Lyf án læknisráðs, gervilimi og gervitennur, gleraugu, snerti-sjóngler, heyrnartæki o.s.frv.

Farangurstrygging

- ✗ Peninga, farmiða, ferðatékka, skuldabréf né önnur verðbréf.
- ✗ Brothætta hluti.
- ✗ Rispur, beyglur, mar eða núning sem rýra ekki notagildi munanna.
- ✗ Skemmdir á ferðatöskum.
- ✗ Tjón vegna eðlilegs slits eða galla eða tjón á munum sem rifna eða skemmast í notkun.
- ✗ Þjófnað á munum sem er stolið úr ólæstum hóbólum eða geymslum og þjófnað á hlutum sem skildir eru eftir, gleymast eða týnast á almannafæri.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðareglur?

- ! Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Váttryggður skal gæta farangurs sins vel og gera nauðsynlegar ráðstafanir, eftir því sem við verður komið til að koma í veg fyrir tjón.



Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á ferðalagi erlendis fyrir almenna ferðamenn og námsmenn. Stundi váttryggður einhverja atvinnu erlendis er unnt að innifela það í váttryggingunni með áritun á váttryggingarskirteinið og greiðslu viðbótariðgjalds. Nánari upplýsingar um gildissvið má finna í skilmála tryggingarinnar.



Hverjar eru helstu skyldur þess tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Verði slys ber hinum slasaða að leita til læknis strax og gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara að fyrirælu læknis.
- Skemmist farangur eða týnist í flugi eða á meðan farangur er í vörslu flugfélags, er tjónþola skylt að tilkynna skemmdirnar/tapið strax við landingu, eða innan 7 daga til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gert eyðublað (P.I.R. – skýrslu).
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Íðgjöld tryggingarinnar ber að greiða áður en tryggingin tekur gildi. Hægt er að greiða með kreditkorti eða millifærslu.



Hvenær hefst vátryggingarverndin og hvernig lýkur henni?

Vátryggingin tekur gildi við samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar. Ferðatrygging gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er á skirteini. Tryggingin er skammtímatrygging og endurnýjast ekki, nema um það sé sérstaklega samið.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu.